

FRÉTTABRÉF

FÉLAGID ÍSLENSK ÆTTLÉIDING - 1. TBL. - MAÍ 1996

Á næstunni:

Bingó - Pizza

Sunnudaginn 19. maí ætlum við að hittast, spila bingó og borða pizzur á eftir.

Bingóið verður haldið að Síðumúla 11, 2. hæð og byrjar kl. 14.00.

Veglegir vinningar í boði
Heitt á könnunni

Norðurland

Laugardaginn 18. maí verður loksins af fyrirhuguðum fundi á Akureyri. Þar gefst tækifæri til að ræða hvernig stjórn félagsins getur sem best komið til móts við óskir félagsmanna á þessu svæði.

Nánar verður tilkynnt bréflega um stað og stund

Útilega

Útilega félagsins þetta sumar verður helgina 19. til 21. júlí í Reykholti, Biskupstungum, (Aratungu) sem er í 93 km. fjarlægð frá Reykjavík.

Ágæt tjaldaðstaða er að Reykholti, vatnssalerni og heitt og kalt rennandi vatn. Við tjaldsvæðið er sundlaug með vatnsrennibraut, heitum pottum og gufubaði, leikvöllur og íþróttavöllur. Hægt er að fá inni í farfuglaheimili í húsi Reykholtsskóla í svefnpokaplássi eða uppábúnum rúmum.

Ýmsir afþreyingamöguleikar eru til staðar t.d. fallegar gönguleiðir, hestaleiga, veiðileyfi, heimsóknir í gróðurhús o.fl. Útimarkaður er að Reykholti þar sem seld eru m.a. blóm og grænmeti úr gróðurhúsum í nágrenninu.

Nánari upplýsingar um verð og frekari tilhögun þegar nær dregur útilegu.

Meðal efnis:

Bls. 2-3 Indlandsferð

Bls. 4 Mjólk og ættleidd börn

Bls. 3 Fræðslufundur

Bls. 5 Nýir Íslendingar.

Indlandsferð Guðmundar Andra og Ingibjargar

I tuttugu ár bafði Ingibjörgu dreymt um að fara til Indlands því henni fannst það land vera nokkurs konar miðpunktur í heiminum Þar var allt: þar mættust menn- ingarheimar, þar var dýralíf og gróðurfar stórkostlegt, þar var bæði bitinn og kuldinn og allt þar á milli og skammt undan er bæsti tindur beimsins. Og þar er vagga flestra helstu trúarbragða heims.

Og nú höfum við farið í þetta ferðalag og samt finnst okkur Indlandsdivölín eins og draumur, enn er Indland fjarlægt og óraun- verulegt fyrir okkur.

Hótelin mynduðu óyfirstíganlegan vegg milli okkar og raunveruleikans þarna úti sem maður lagði ekki alveg í að kanna bara tvö og ókunnug öllu.

Við komumst sjaldan í færi við venju- leg fólk sem við gætum átt nokkurn veginn eðlileg sam- skipti við - Indverjar líta svoltíð á útlendinga eins og Íslendingar. Hvað má græða á þessum? Allir sem við hittum áttu við okkur aðeins eitt erindi: að selja okkur eitt-hvað og það var ekki fyrr en líða tók á dvöolina að það rann upp fyrir okkur að þeir misskildu okkur alltaf þegar við hristum hausinn. Og vitaskuld var ekkert eðlilegra, við eru vellauðug á þeirra maelikvarða. En þó að maður hefði skilning á þörf fólksins fyrir að selja okkur ýmsan merkilegan og alltaf mjög fallegan varning þá er því ekki að neita að þetta varð svoltíð þreytandi fyrir jafn kaupplatt fólk og við erum. Og á endanum keyptum við miklu minna en við höfðum ætlað okkur, nei-íð var orðið sjálfvirkrt.

Við vorum líka með hugann við annað. Í fjóra mánuði höfðum við horfst í augu við mynd af dóttur okkar þar sem hún sat milli tveggja ótrúlegra stórra tuskukanína og var greinilega að biða eftir okkur. Okkur virtist hún verða óþolinmóðari með hverjum deginum - eða kannski vorum það bara við. Og þegar við komum til fyrirheitna landsins



Dís við dagleg störf.


komst ekkert annað að í huga okkar en þetta augnablik sem við áttum í vændum - að hitta hana.

Allan tímann sem við vorum í Dehli „til að kynnast landi og þjöld“ vorum við að vernda okkur sjálf, passa upp á að við yrðum í sem bestu formi fyrir stærstu stund lífsins. Þess vegna dvöldum við á fráleitum lúxushótelum sem mynduðu um okkur varnarmúr og þurftum á hverjum degi að umgangast þjónustufólk sem kom fram við okkur eins og fulltrúa hennar keisaralegu háttignar Viktoríu drottningar, á meðan við kunnum ekki að vera mister og madame, þaðan af síður að borda allan þann vonda enska morgunmat sem indversku þjónarnir virtust halda að allir Evrópubúar aðhylltust. Það var helst andspænis hinni stórkostlegu fegurð Taj Mahal að okkur þótti sem rofnaði múrinn. Í Agra sá maður líka hinar öfgarnar á Indlandi, andstæðu fegurðarinnar, eymdina.

Og maður verður aldrei alveg samur. Maður kemst að því að Íslands er svo flatt og við erum þrátt fyrir allt komin svo langt frá náttúrunni, líkamanum, jörðinni.

Við sáum í rauninni aldrei Calcutta. Við vorum þar að vísu í nokkra daga og leið fjarska vel á hótelinu og hittum yndislegt og raunar stórmerkilegt fólk sem hafði margt að segja og gefa. En þá Calcutta sem hægt er að lesa um í bókum sáum við aldrei vegna þess að við áttum ekkert aflögu í þá reynslu. Howrah brúin blasti við okkur úr hótelherberginu í móðukenndum fjarska eins og hillingar, fögur og ógnvejkandi en við fórum aldrei þangað.

Það er ekki hægt að lýsa tilfinningum okkar og geðshræringu á fyrsta fundi okkar við litlu stúlkuna sem við kölluðum strax Dísu. Það nægir að nefna að hún sofnaði nærrí strax tryggum svefni í fangi Ingibjargar og Andri gaf henni úrið sitt til frjálsrar rádstöfunar, síðan á hún það. Og tíma okkar allan.



Beðið eftir mömmu og pabba.

Indlandsferðin heldur áfram að vera draumur - en aðrir draumar geta ræst. Og pínulítið brot af Indlandi er orðið að miðpunktí okkar lífs.

*Guðmundur Andri Thorsson
Ingibjörg Eyþórsdóttir*

Fraeðslufundur

Félagið Íslensk Ættleiðin hefur lengi unnið að undirbúningi fræðsluefnis fyrir væntanlega kjörforeldra.

Markmiðið er að gefa umsækjendum kost á að hitta aðra í sömu sporum og að fá tækifæri til að ræða um ýmsar hliðar ættleiðinga við fólk með reynslu á þessu svíði. Einnig fá þátttakendur bækling sem þýddur hefur verið og fjallar um þetta efni. Á fyrirlestri Lene Kamm s.l. haust kom fram mikill áhugi meðal gesta á aukinni fræðslu fyrir biðlistafólk.

Laugardaginn 16. mars 1996 var fyrsti fræðslufundiurinn haldinn í húsnæði félagsins á Grettisgötu 6. Þrenn hjón komu á þennan fyrsta fund þar sem rædd voru ýmis atriði sem væntanlegir kjörforeldrar þurfa að íhuga vel fyrir ættleiðingu. Á fundinum gafst fólk Gott tækifæri til að ræða um sameiginlega reynslu sína en honum var stjórnað af fræðslunefnd sem í eru ein-

staklingar sem þegar hafa ættleitt börn og eru tilbúnir til að gefa af sinni reynslu. Þessi fyrsti fundur gekk mjög vel og voru bæði þátttakendur og leiðbeinendur ánægðir með útkomuna.

Ætlunin er að halda áfram með þessa fræðslufundi og koma þeir til með að verða hluti af ættleiðingaferlinu í framtíðinni. Biðlistafólk er eindregið kvatt til að kynna sér þennan möguleika og hafa samband við skrifstofu Í.Æ. Miðað er við að þrenn til fern hjón séu á hverjum fundi og eru þeir eingöngu ætlaðir hjónunum báðum ekki er nóg að annar makinn mæti. Verða fundirnir haldnir á laugardögum og standa yfir í um 4 tíma með kaffihléi. Þátttaka er ókeypis.

*Ásdís Guðmundsdóttir
Guðlaug Guðmundsdóttir.*

Mjólk og ættleidd börn

Ofnæmi ekki það sama og óþol

Mörg ættleidd börn þola illa mjólk og mjólkurvörur. Orsókin er að fólk af asískum og afrískum uppruna hefur ekki í meltingarfærum þau náttúrulegu enzim sem líkaminn þarfnast til að geta nýtt og melt „laktosa“ (sykrur í mjólkinni). Í raun þýðir þetta að meirihluti íbúa heimsins meltir illa mjólkurafurðir, enda eru þær ekki hluti daglegs mataráðis í þessum heimshlutum. Neysla fæðu sem að mestu leyti er unnin úr mjólk veldur magapínu og kveisu en er fólki ekki hættuleg. Hins vegar veldur ofnæmi gegn mjólkurpróteini því að fólki er ráðlagt að forðast mjólkurvöru.

Stundum er það svo að ættleidd börn hætta að mestu neyslu mjólkurafurða um leið og þau stálpast án þess að þau eða foreldrar þeirra ákveði slíkt eða geri sér beint grein fyrir því. Dóttir míن vildi ekki mjólk eftir að hún hætti með pela og í leikskóla sagði hún fóstrunum að hún vildi vatn því hún fengi alltaf magapínu af mjólk. Við sáum fljótlega að barnið sagði satt því þótt hún fengi mjólkurvörur sem henni finnast góðar, eins og ís, þá fékk hún alltaf magakveisu. Hún vandist fljótt á að drekka góða íslenska vatnið við þorsta og með mat og þykir það jafn sjálfsagt eins og öðrum fjólskyldumeðlimum.

Vatn er best í staðinn

Ég vil undirtríka mikilvægi þess að foreldrar gefi börnum sínum ekki ávaxtasafa og djúsblöndur í stað mjólkur því sýnt hefur verið fram á miklar tannskemmdir vegna óhóflegrar djús og gosdrykkju en sýran í þessum drykkjum tærir mjög glerung tanna. Einnig getur mikil neysla safa minnkað matarlyst þannig að börnin borði minna af hollum mat en ella.

Mjólk - mikilvægasti kalkgjafinn


Mikilvægi mjólkur sem kalkgjafa í daglegri fæðu er mikið auglýst. Ekki er auðvelt að finna aðra matvöru sem kemur í staðinn, því þótt kalk, eða kalsíum sé t.d. í grænmeti nýtist það illa í meltingarfærum. Því er fullyrt að þeir sem alls ekki þola að drekka mjólk verði að fá kalk með öðrum hætti, þ.e. bætiefnum. Kalkþörf barns á vaxtarskeiði er 600 mg. af kalsíum á dag. Í mjólkurglassi eru 150 mg. af kalsíum og í 100 gr. af hvítum osti eru 900 mg. af kalsíum. Barn sem borðar hvítan ost á brauðið og drekkur tvö mjólkurglös á dag er því vel á vegi statt varðandi kalsíum. Flestir með mjólkuróþol geta neytt mjólkur í litlu magni, t.d. 1 dl. mjólkur með mat nokkrum sinnum daglega. Sýrðar mjólkurvörur virðast einnig auðmeltar t.d. jógúrt og AB mjólk, sennilega vegna þess að mjólkursýrubakteríurnar brjóta niður eitthvað af laktósa í mjólkinni eða vegna þess að mjólkursýrubakteríurnar hafa áhrif á bakteríuflóru þarmanna svo auðveldara er að þola mjólkursykrurnar. Einnig eru gulir ostar og smjör þar sem búið er að fjarlægja mysu nokkuð auðmeltir.

Dökk húð = Takið lýsi

Að lokum er mikilvægt að muna að dökk börn nýta sólarljósíð verr en ljósir einstaklingar. Það þýðir að í húðinni verður til minna D vítamín sem er nauðsynlegt fyrir uppþöku kalks í þörmunum. Ættleidd börn, og sérstaklega þau sem hafa mjólkuróþol, þurfa því að taka lýsi á hverjum degi.

Byggt á grein í blaði Adopsjonsforum, Noregi þar sem framkoma upplýsingar frá Wenche Frölich, Dr. Phil. næringar og matvælafræðingi.


Nýir Íslendingar




Kristin Relena f. 1. mars 1995.
Kom til Íslands í júlí 1995 frá Calcutta.



Karen Sif, f. 31. desember 1994 með stóru systur, Söndru Maríu 6 ára. Þær eru báðar feddar í Calcutta, Indlandi.



Ágústa, f. 13. febrúar 1995.
Kom til Íslands frá Calcutta í júlí 1995.



Svandís Roshni, f. 28. feb. 1995.
Kom til Íslands í október 1995 frá Calcutta.

Hugleiðingar um með-göngur og fæðingar

Meðgöngur geta verið með tvennu móti að minnsta kosti. Sú sem er jafnan talin vera sú „venjulega“ lýsir sér í því að maginn, og ýmsir aðrir líkamshlutar bólga hægt og örugglega með tilheyrandi morgun, eftirmiðdags og kvöldógleði! Og svo er það sú „óvenjulega“ sem lýsir sér í vottorðaöflun, naflaskoðun hjá félagsráðjafa og barnaverndaryfirvöldum með tilheyrandi hjartsláttartruflunum og áhyggjum af því að kannski sé eitthvað sem ekki fellur við komandi yfirvöldum í geð. Báðar þessar meðgöngur eru erfiðar á köflum en líka tími mikilla eftirvæntinga og gleði. Og svo kemur að fæðingunni, hápunktinum. Sú „venjulega“ er líkamlega erfið, það vita allir, en þegar þú færð barnið þitt í fangið gleymist það fljótt sem betur fer og allt erfiðið verður þessarar stundar virði. „Óvenjulega fæðingin“ þegar þú hittir í fyrsta skipti barnið sem þú ætlar að ættleiða og færð það í fangið; þessi fæðing er flóknari, þú tekst á við fleiri tilfinningar í sjálfum þér. Það er svo margt sem þú veist ekkert um og færð aldrei vitneskjum, en það er þó aukaatriði á þessari stundu. Maður hugsar

eflaust meira um þá hluti þegar barnið verður eldra og persónuleiki þess og skapgerð kemur betur í ljós. Hugsanir eins og „hvaðan skyldi hún hafa þetta“ hljóta að gera vart við sig af og til.

Ástæðan fyrir því að ég er yfirleitt að velta þessu fyrir mér er sú að ég er ótrúlega oft spurð að því hvernig ég upplifi muninn á því hvernig ég eignaðist börnin mínum. Ég verð alltaf jafn hissa á spurningunni því að þær eru báðar börnin mínum en ekki „á litinn“ svona eða hinsegin, eða meira eða minna mínum.

Þeir sem ekki eru að velta fyrir sér ættleiðingu og eignast börnin sín með „venjulegu aðferðinni“ fara á mis við mikla lífsreynslu að mínu mati. Að sækja litla barnið sitt til framandi lands og kynnast lífi og menningu annarra er mjög sérstök reynsla, að fá í fangið barnið sem í forundran skoðaði stóra bleika andlitið á mömmu var ógleymanleg.

Ingibjörg Birgisdóttir

Nöfn og nafnabreytingar

Öllum hefur börnum okkar verið gefin nöfn áður en þau komu til okkar, annað hvort af mæðrum sínum eða þeim sem hafa annast þau á barnaheimilunum eða annars staðar. Nafnið er hluti rótanna og eitt af því sem við kjörforeldrar höfum ekki átt hlutdeild í og eignumst aldrei. Á seinni árum hafa æ fleiri verið á þeirri skoðun að barnið eigi að fá að halda nafninu og þannig halda tengingu við uppruna sinn. En fólk spyr sig eðlilega hvort rétt sé að halda nafni sem er gjörölíkt því íslenska og hvort það sé ekki bara til að ýta undir sérstöðu barns sem er af ólískum uppruna. Nafn sem fellur að íslensku máli er vel hægt að hafa sem annað nafn án þess að það hljómi ankannalega og það er heimilt skv. nafnalögunum. Foreldrar þurfa að hugsa málið vandlega og vera sáttir við nafnið ef þeir eru að hugsa um að láta barnið halda líka upprunalega nafninu þegar það fær það íslenska. Þegar börnin verða eldri hafa þau stundum gaman af því að nota gamla nafnið sitt, merkja bækur og dót með því og það er ef

til vill vísbending um það að þau vilja fá að taka það upp og þá er sjálfsagt að virða þá ósk þ.e.a.s. ef full alvara er að baki. Það að vilja taka upp gamla nafnið sitt gefur til kynna að barnið er ánægt með hlutskipti sitt og vill tengjast uppruna sínum jafnframt því að vera íslendingur að sjálfsögðu.

Nafnabreytingu þ.e.a.s. ef taka á aftur upprunalega nafnið sem annað nafn aftan við hið íslenska, þarf að sækja um til Dómsmálaráðuneytisins á sérstökum eyðublöðum. Sanna þarf með vegabréfi og/eða öðrum gögnum að barnið hafi borið nafnið áður. Ekki er hægt að taka upp erlent eftirnafn. Ráðuneytið hefur heimilað slíka nafnabreytingu ættleiddrar stúlkum sem var orðin 9 ára þegar sótt var um og gekk það mjög greiðlega og tók um 2 mánuði í afgreiðslu.

Ef einhverjur eru í þessum hugleiðingum er sjálfsagt að veita frekari upplýsingar og leiðbeiningar á skrifstofunni.

*Þetta skemmtilega ljóð eftir óbekktan höfund rak á fjörur okkar.
Gæti ekki einhver félagsmanna, laginn við þýðingar, snúið þessu
ljóði yfir á góða íslensku og sent okkur.*

LEGEND OF AN ADOPTED CHILD

Once there were two woman
who never knew each other.
One you do not remember
the other you call Mother.

Two different lives shaped
to make yours one.
One became your guiding star
The other became your sun.

The first gave you life.
The second taught you to live in it.
The first gave you need for love
And the second was there to give it.

One gave you a nationality.
The other gave you a name.
One gave you the seed of talent
The other gave you an aim.

One gave you emotions
The other calmed your fears.
One saw your first sweet smile
The other dried your tears.

One gave you up –
It was all that she could do
The other prayed for a child
And God led her straight to you.

And now you ask me through your tears
The age old questions through the years,
Heredity or Environment –
which are you the product of?
Neither my darling – neither
Just two different kind of love.

Fréttir frá skrifstofu

Frá áramótum hefur verið mikill erill á skrifstofu og hjá stjórn félagsins. Í janúar komu upplýsingar um fleiri börn frá Indlandi ogog var gengið frá öllum ætleiðingarskjölum vegna þeirra.

Norræna samstarfið er í fullum gangi og einnig var haldinn aðalfundur og ráðstefna á vegum EurAdopt í Belgíu í marsmánuði. Samnorrænn fundur fulltrúa ráðuneyta var í fyrsta skipti haldinn á Íslandi í apríl s.l. og var Í.Æ. boðin þátttaka. Af og til fáum við síðan boð um þátttöku í ýmsum fundum erlendis sem stjórnin

hefur sjaldan séð sér fært að taka þátt í. Auðvitað er nauðsynlegt að halda góðum tengslum við þau lönd sem við erum í samstarfi við og fáum börn frá, enda er ljóst að persónuleg tengsl eru þau sem reynast best í svo flóknum málum sem ættleiðingar eru. Mannaskipti eru hjá erlendum aðilum eins og hjá okkur og þarf að viðhalda kynningu á litla Íslandi sem er fjarlægum þjóðum svo framandi m.a. vegna smæðar íslensku utanríkisþjónustunnar.

Ný sambönd

Við höfum haldið áfram öflun ýmissa upplýsinga vegna ættleiðinga frá Kína ogog vonumst til að gengið verði formlega frá samstarfsbeiðni til kínverskra yfirvalda frá íslenska dómsmálaráðuneytinu alveg á næstunni. Þá er málið í höndum Ættleiðingarstofnunar Kína sem hefur nú þegar fengið ýmsar upplýsingar um íslensk lög og Í.Æ. og vonumst við til að fá jákvæða afgreiðslu og fara af stað með fyrstu umsóknir fyrir árslok. Margir hafa sýnt ættleiðingum frá Kína áhuga. Rúmenía komst aftur á dagskrá eftir nokkurt hlé þegar til okkar var leitað af hjónum sem þar hafa góð sambönd. Með mikilli aðstoð hjónanna og lögfrædings þeirra lítur nú út fyrir að Í.Æ. verði samþykkt af rúmensku ættleiðingarnefndinni og skrifað verði undir samstarfssamnings í júní og í framhaldi af honum komi börn til íslenskra kjörforeldra á árinu. Biðlistafólk fær nánari fréttir um leið og skrifleg staðfesting á þessu berst. Hafi einhverjur fréttir af samböndum sem gætu komið fleirum til góða væri gaman að fréttar af þeim.

Í Indlandi býða nú 6 börn eftir að komast heim til íslenskra foreldra. 2 þeirra hafa beðið lengi en eru væntanleg í maílok. Ekki er enn búið að dæma í 4 málum. Breytingar á fyrirkomulagi ættleiðinga voru boðaðar af CARA, miðstýringarskrifstofunni í Delhi í janúar, en óvist er hvernig framkvæmdin verður því mikil óánægja er meðal indversku stofnananna og erlendra samstarfsaðila þeirra með breytingarnar. Sumir segja jafnvel að þeir stangist á við lög og munu því láta dómróla skera úr um lögmæti.

Í Thailandi eru 2 umsóknir sem býða afgreiðslu og eru ennþá innan eðlilegra tímamarka. Vantar fleiri umsækjendur.

Frá Kólombíu koma fréttir um væntanlegar breytingar á ættleiðingarlögum, þar er fullbúin umsókn á réttu róli en við býðum nánari upplýsinga.

Í Moskvu var umsókn íslenskra hjóna dregin til baka vegna breyttra aðstæðna þeirra en við búumst við að senda aðra umsókn á næstunni.

Meðfylgjandi gíróseðill er fyrir félagsgjöldum ársins 1996

Að síðasta aðalfundi var ákveðið að hafa framvegis tvennis konar félagsgjöld. Fyrstu 5 árin greiða félagsmenn kr. 4.000.- á ári en eftir það lækka gjöldin um helming, verða kr. 2.000.-.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt okkur að algengt er að fólk hættir að greiða félagsgjöld eftir nokkur ár og dettur út af félagaskrá. Ein af ástæðunum sem okkur hefur dottið í hug fyrir þessu er að félagsgjöldin séu of há og viljum við því reyna að koma til móts við félagsmenn með þessari lækkan. Einnig vonum við að „gamlir“ félagsmenn gangi til liðs við okkur aftur.

Nú eru mörg barnanna okkar að komast á unglingsár með tilheyrandi „unglingavandamálum“ og þá getur verið gott fyrir þau að vita af og þekkja önnur börn af sama uppruna. Reynslan hefur sýnt að þau hafa áhuga á að hittast og þekkjast og hlakka til þeirra uppákoma sem félagið bíður uppá. Og ekki er verra fyrir okkur foreldrana að geta hist og borið saman bækur okkar. Samstaða er ekki síður mikilvæg nú en þegar börnin voru lítil. Og þó að þið takið ekki þátt í öllum þeim samkomum sem félagið stendur fyrir er gaman að fá fréttabréf og fylgjast þannig með því sem er að gerast hverju sinni..

*Við hvetjum alla til að vera með og böfum
bugfast að fjölmennt er félagið sterkara*

Við auglýsum eftir efni í fréttabréfið okkar. Sendið okkur greinar eða skemmtilegar sögur og myndir af börnunum ykkar og segið frá því sem þau eru að gera.

Við auglýsum eftir ritstjóra fyrir fréttabréfið. Áhugasamir hafi samband við skrifstofu.